

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM VIKURNÁM VIÐ SNÆFELLSJÖKUL

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar vikurnám við Snæfellsjökul, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Nesvikur ehf.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Námuvinnsla á vikursvæðum við Snæfellsjökul, flutningur efnis frá námuvæðum að athafnasvæði Nesvikurs við Rif, vinnsla þar, flutningur vikurafurða frá athafnasvæðinu og útskipun þeirra.

Markmið framkvæmdar: Vinnsla vikurs.

Frumathugun: Þann 21. október 1998 tilkynnti Nesvikur ehf. framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 20. nóvember 1998 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og í Skessuhorni þann 19. nóvember 1998. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 20. nóvember til 28. desember 1998 á skrifstofum Snæfellsbæjar á Hellissandi og í Ólafsvík, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Þrjár athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar Snæfellsbæjar, Náttúruverndar ríkisins, Ferðamálaráðs, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Jafnframt var framkvæmdin kynnt Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Hollustuvernd ríkisins og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Vikurnám við Snæfellsjökul. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Stuðull verkfræði- og jarðfræðiþjónusta, október 1998.

Önnur gögn. Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum, dags. 5. janúar 1999.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Snæfellsbæjar** með bréfi, dags. 17. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 21. desember 1998. Þar segir:

„Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 19. desember 1998 var tekið fyrir álit umhverfis- og náttúruverndarnefndar Snæfellsbæjar og skipulags- og byggingarnefndar Snæfellsbæjar varðandi vikurnám við Snæfellsjökul. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum að senda innsend álit skipulags- og byggingarnefndar Snæfellsbæjar og umhverfis- og náttúruverndarnefndar Snæfellsbæjar sem svar bæjarstjórnar til Skipulagsstofnunar varðandi vikurnám við Snæfellsjökul.“

Í áliði umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 9. desember 1998, segir m.a.:

„Náttúrufar og menningarminjar

Um þessa þætti telur nefndin sig ekki hafa þekkingu til að fjalla um og telur nauðsynlegt að Náttúrufræðistofnun og Náttúruvernd ríkisins gefi umsögn um þessi málefni. Nefndin bendir þó á að það er ekki rétt að athafnasvæði á Breið hafi verið endanlega afmarkað. Vegstæði hafa ekki verið afmörkuð - sjá síðar um þessi atriði.

4.3. Harðabalasvæði

Mynd 4.2. sýnir að kominn er vegur yfir vikursvæðin og inn á þann hluta svæðisins sem ákvæði eru um í aðalskipulagi Snæfellsbæjar að athuga þurfi sérstaklega áður en þar verði hafnar framkvæmdir. Nefndinni er ekki kunnugt um að samþykki hafi verið veitt fyrir þessari vegagerð. Sínd er afmörkun námusvæða tölumerkt til að sýna í hvaða tímaröð þau skuli vinnast. Nú liggur snjór yfir svæðinu og því ekki kostur að skoða svæðið. Ljóst er þó að sú vinnsla sem átt hefur sér stað tvö s.l. sumur fellur ekki að þessari áætlun. Það sem er merkt sem núverandi náma stenst ekki heldur. Svæðið sem unnið hefur verið í er mikið stærra og á fleirum en einum stað.

4.4. Jökulhálssvæði

Mynd 4.3 sýnir að Jökulhálsvegur liggur yfir og meðfram vikursvæðunum og fyrirhuguðum námusvæðum. Á öllum vinnslusvæðunum verður því vegtenging flutningavega af námusvæðunum að vera háð samþykki skipulagsyfirlalda, Vegagerðarinnar og jafnvel fleiri aðila. Á vikursvæðinu er útsýnis- og áningarstaður ferðamanna, taka verður tillit til þess.

5.2.1. og 5.2.2. Tilgangur og framkv.tími. - Aðstæður á vegstæði

Nefndin tekur undir það að sá vegur sem hér um ræðir sé nauðsynlegur námuvinnslu á Jökulhálssvæði. Hinsvegar telur nefndin að áætluð lega vegarins sé óásættanleg. Sjá mynd 5.1. Með þeirri legu yrði vegurinn að hluta innan þess svæðis sem tekið er frá til nánari athugunar samkv. aðalskipulagi Snæfellsbæjar og mjög áberandi í landslagi. Tveir þriðju hlutar vikursins eru á Jökulhálssvæði. Taka þarf tillit til þess í tengslum við legu vegarins. Vegurinn upp með Móðulæk um Eysteinsdal upp með Blágili næstum að Jökulrótum er ferðamannavegur. Endastöð ökutækja, áningar- og útsýnisstaður ferðamanna er þarna við enda vegarins. Það er því mikilvægt að reynt verði að haga svo til að námuvinnslan hafi þar sem minnst áhrif. Æskilegt er að vikurflutningavegurinn yrði norðan

vikurvinnslusvæðanna og með lokinni vinnslu námusvæðanna fjarlægðist vinnslan frá ferðamannasvæðinu. Námusvæði nr. 1, 4 og 2 verði unnin fyrst. Svæði merkt „Núverandi náma“ verði frágengið og jafnað með réttum vatnshalla að náttúrulegum farvegum og gerður vegur um svæðið eins og áður var. Norðan námusvæðanna frá Geldingafelli að Harðabala er hægt að velja veginum minna áberandi vegstæði og þar væri vegurinn í nauðsynlegri fjarlægð frá þjóðgarðsmörkum, ferðafólki og náttúruskoðendum. Á mynd 7. 1 er fyrirhugaður vegur merktur á kort á annan hátt og nokkuð nálægt því sem rætt hefur verið um hér heima. Vegurinn þyrfti þó að liggja nokkru norðar en sýnt er á því korti til að falla sem best að landinu. Athuga þarf hvort ekki væri betra að vestari endi vegarins tengdist núverandi vegi við Sjónarhól eða við stífluna þar sem Blágili er veitt í Móðulæk. Staðsetja verður þennan veg á vettvangi og ákveða gerð hans.

5.3.2. Leiðarval

Nefndin fellst ekki á þá tillögu að vegur frá Eysteinsdalsvegi móts við Klukkufoss að Breið verði lagður samkvæmt Leið 3 og leggur til að farin verði Leið 1. Miðað við þær merkingar með hælum sem eru á leið 1 og leið 3 fara báðar leiðirnar yfir ósnortið hraun og erfitt er að gera upp á milli hvor þeirra veldur meira sári í hrauninu. Hraunleiðirnar sjást frá brekkunum í efri hluta Væjuhrauns og eru því áberandi á takmörkuðu svæði.

Leið 3 kallar á mjög mikla fyllingu við norðurjaðar hraunsins eða skerðingu á hraunjaðrinum sem varla kemur til greina. Einnig yrði mikil skerðing í austurhlíð Stapakinnaborga og síðan færi vegurinn um gróið land sem að hluta er votlendi að Búrfelli og þá verður einnig að skerða hlíðarfót Búrfells. Fyllingin við hraunjaðarinn og skerðingarnar í Stapatungnaborgum og Búrfelli myndu blasa við úr Dýjadal sem er mjög fagurt votlendissvæði suðvestan við Búrfell og einnig vera mjög áberandi frá Hólsdal sem er sunnan Búrfells og Hólmkelsár. Hólmkelsá fellur á eyrum fyrir mynni Dýjadals og síðan í fögrum gljúfrum meðfram Búrfelli. Göngubrú er á ánni á þessu svæði og vaxandi umferð gangandi fólks.

Hólsdalur er mjög fjölbreytt náttúrusvæði girtur fjöllum og hæðum á alla vegu. Hraunjaðar Væjuhraunsins liggur að Hólsdal að vestan og í framhaldi af hraunjaðrinum koma Stapakinnaborgir. Fylling við austurbrún Væjuhrauns og skerðing í Stapakinnaborgum myndi, auk þess sem að framan er nefnt, blasa við frá stórum hluta undirhlíða Snæfellsjökuls að norðan. Við vegagerð yfir Væjuhraun myndu myndast áberandi sár í hraunið. Að því leyti væri sama hvor leiðin yrði valin. Nefndin telur að vegstæði leiðar 1 sé auðveldara til vinnslu og að af þeirri leið hljótist mun minni sár á ósnortnu landi en á leið 3. Vegur á leið 1 verður miklu síður áberandi í landslaginu og sést ekki nema frá takmörkuðu landsvæði og mjög lítið frá landi fyrirhugaðs þjóðgarðs.

5.3.3. Efni til vegagerðar

Nauðsynlegt er að fram komi hvernig jöfnun vegstæðis verður framkvæmd og að vegstæði verði vel útfært og merkt áður en framkvæmdir við veginn hefjast. Einnig þarf að liggja fyrir ákvörðun um hvaða efni verður notað í ofanburð og yfirborðsslitlag. Að loknum vinnslutíma ber framkvæmdaáðila að jafna út veginn og gera vegstæðið sem líkast því er áður var nema að bæjarstjórn óski eftir því að vegurinn standi áfram.

6.3 Mannvirki á athafnasvæði

Nefndin mótmælir núverandi staðsetningu vinnslustöðvar á Breið. Staðsetning mannvirkjanna, vikursins og frákastsins skapar mikla hættu á því að námusvæðið meðfram Hólmkelsá verði eyðilagt. Settjarnir eru skammt frá farvegi Hólmkelsár og frágangur við settjarnirnar er ekki fullnægjandi. Staðsetning vinnslusvæðis og settjarna skapa mikla hættu á mengun í Hólmkelsá og þar með að vikur og frákastsefni berist í steypuefnisnámur á Harðakampi og Melnesi. Nefndin leggur til að leitað verði eftir umsögn Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins um það hverjar geti orðið afleiðingar þess ef efni frá vikurvinnslunni blandist steypuefninu. Deiliskipulag af svæðinu hefur ekki verið gert. Eðlilegast er að Snæfellsbær annist gerð deiliskipulagsins á kostnað Nesvikurs ehf. Nefndin telur að gera þurfi nákvæma lýsingu á uppbyggingu vinnslustöðvar, frágangi frákastsefnis og allrar starfsemi stöðvarinnar. Umgengni á staðnum er ekki til fyrirmyndar.

7. Ferðapjónusta

Það er almenn skoðun þeirra sem vinna að ferðapjónustu á Íslandi að utanvert Snæfellsnes sé það svæði á landinu þar sem búast megi við mestri umferðaraukningu og fjölgun ferðafólks á næstu árum og þar með uppbyggingu þjónustumannvirkja og fjölgun starfsfólks í ferðapjónustu. Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995 - 2015 gerir ráð fyrir því „að vaxtarbroddurinn í atvinnulífi tengist stórauðnum ferðamannastraumi“. Ganga verður út frá því að bæjarstjórn Snæfellsbæjar og stjórn Nesvikurs ehf. hafi gert sér grein fyrir þessari stöðu þegar samið var um vikurvinnsluna 17. júlí 1996 og að þessir aðilar hafi litið svo á að það væri beggja hagur að vikurvinnslan yrði starfrækt. Einnig hafi þessir aðilar gert sér grein fyrir því að starfsemi vikurvinnslu við Snæfellsjökul og starfsemi ferðapjónustu í Snæfellsbæ myndi skarast og þeir sem að vikurvinnslunni stæðu yrðu að haga starfsemi sinni á þann hátt að hún skerði ekki þróun og vöxt í ferðapjónustu og starfsemi þjóðgarðs. Það er skoðun nefndarinnar að grundvöllur þess að vikurvinnsla geti farið fram við Snæfellsjökul sé að allt verði gert til þess að sú vinnsla hafi sem minnst áhrif á umferð og dvöl ferðafólks á svæðinu. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt er að gerð verði útskot á vegi það víða að umferð verði hættuminni og gangi greiðlega og að vegir verði rykbundnir. Æskilegast er að námuvinnsla og vikurflutningar liggi niðri um verslunarmannahelgar og að bæjarstjórn, í samráði við leyfishafa, geti takmarkað vinnslu og flutninga aðrar helgar ef sérstaklega stendur á. Ferðafólkið þarf að geta sagt með sannri: „það er skipulega unnið í vikurnámunum og þar er allt snyrtilegt og vel frá gengið. - Flutningabílarinnar trufla umferð ferðamanna lítið“!

Viðauki 10.

Nesvikur ehf. gerir grein fyrir leyfum og samningum sem námuvinnsla fyrirtækisins byggir á og mun byggja á á gildistíma þeirra. Nefndin vekur athygli á ákvæðum í sérvinnsluleyfi útgefnu af Iðnaðarráðuneytinu 18. júlí 1997 og eftirlitsrétti ráðuneytisins samkv. 7. gr. Nefndin telur að auk þess eftirlits þurfi að vera eftirlit frá hendi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með framkvæmd verksins. Þá vekur nefndin athygli á 11. gr. sérleyfisins þar sem leyfishafa er gert að leggja fram tryggingu til tryggingar á vanefndum. Nefndin telur nauðsynlegt að leitað verði samþykkis bæjarstjórnar Snæfellsbæjar á upphæð tryggingarfjárhæðar. Einnig vekur nefndin athygli á að samkv. ljósriti af sérleyfinu hefur það ekki verið undirskriftað f.h.

Nesvikurs ehf. og ekki kemur fram hver upphæð er á tryggingarbréfi til tryggingar vegna vanefnda. Þá tekur sérleyfið einungis til Harðabalasvæðis.

Lokaorð

Nefndin tekur fram að framangreint álit er ekki tæmandi álit um frummatsskýrsluna, þar skortir mikið á. Þörf hefði verið á að fjalla um fleiri atriði en gert er, koma með dæmi og fyllri útskýringar á því sem fjallað er um. Æskilegt hefði verið að hafa lengri tíma til umfjöllunar og geta leitað aðstoðar út fyrir nefndina um suma þætti. “

Í áliti skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10. desember 1998, segir m.a.:

„Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er í kafla 3.7 fjallað um vikurvinnslu og samkvæmt því er gert ráð fyrir vikurvinnslu í námum merktum E1 og E2 sem er annarsvegar námusvæði á Harðabala og hinsvegar á Jökulhálsi. Þá er í aðalskipulagi tilgreint að athafnasvæði verði á Breið. Á aðalskipulagsupphæð er sýnd fyrirhuguð lega tengivegar á milli vegar upp Eysteinsdal að jökulrótum og Jökulhálsvegar. Miðað við teikningar í frummatsskýrslu þá virðist fyrirhugaður vegur ekki vera staðsettur í samræmi við aðalskipulag. Áður en vinnsluleyfi verður veitt þurfa að liggja fyrir hnitsettar staðsetningar á vinnslureitum til að auðvelda eftirlit með námavinnslunni.

Byggingar- og skipulagsnefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugað vegstæði frá Klukkufossi að Breið. Vegstæði sem merkt er leið 1 er talin mun betri kostur en leið þrjú sem mælt er með í skýrslunni og er þar vísað til umsagnar umhverfis og náttúruverndarnefndar. Áður en byggingarnefnd tekur til afgreiðslu endanlegt vegstæði verður að liggja fyrir nánari teikning af fyrirhuguðum vegi ásamt lýsingum á efnisvali í fyllingar og yfirborðsefni.

Athafnasvæði á Breið. Byggingar- og skipulagsnefnd tekur að svo komnu máli ekki afstöðu til stærðar lóðar fyrir en deiliskipulag og skilmálar Breiðarinnar og athafnasvæðisins með mannvirkjum liggja fyrir. Að gefnu tilefni og að aflokinni vettvangsskoðun lýsir skipulags- og byggingarnefnd yfir miklum áhyggjum vegna hættu á að malar- og steypuefni á Breið, Harðakampi og Melnesi spillist af vikri með núverandi vinnsluáðferðum. Því óskar nefndin eftir nákvæmum teikningum og lýsingum af mannvirkjum og vinnsluáðferðum þar sem sýnt er fram á með óyggjandi hætti hvernig skolvatn verði hreinsað og að ekki sé hættu á að vinnslan spilli öðrum jarðefnum á svæðinu t.d. vegna foks eða flóða. Einnig óskar nefndin eftir nánari skýringum á hvernig settjarnir verði hreinsaðar og hvernig farið verði með frákastefni ef til urðunar kemur sbr. kafla 6.5. m.a. með magnsettum teikningum af urðunarsvæðum.

Að lokum vill skipulags og byggingarnefnd ítreka að farið verði í einu og öllu að byggingar og skipulagslögum ásamt reglugerðum og áskilur sér allan rétt til stöðvunar framkvæmda verði því ekki fylgt. “

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, 17. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 18. desember 1998. Þar segir m.a.:

„Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á Náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 223 Utanvert Snæfellsnes. Svæðið er á Náttúruminjaskrá vegna fjölbreytilegs landslags, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Þar er að finna eldstöðvar og hraun frá nútíma. Svæðið er einnig fjölsótt útivistarsvæði.

Gróður

Í gróðurfarsúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands (viðauki 1), sem eingöngu er byggð á gróður- og jarðakorti stofnunarinnar í mkv. 1:25.000, kemur fram að fyrirhuguð vikurnámssvæði séu að miklu leyti lítt eða ógróin en þar sem gróðurþekja hafi náð að myndast sé um gisna mosapembu og grasvíðisnjóðæld að ræða. Ekki sé af gróðurkortinu sjáanlegt að þessi gróðurlendi séu á einhvern hátt það sérstæð eða mikilvæg fyrir náttúru svæðisins að þau hafi sérstakt varðveislugildi en bent er á að gróður sem vex þar sem hann á erfitt uppdráttar sé verðmætari en sams konar gróður sem vex við góð skilyrði. Athafnasvæðið við Breið flokkast að mestum hluta sem votlendi og telur Náttúrufræðistofnun Íslands að hlífa beri mýrlendinu algjörlega við öllu raski. Bent er á að á Útnesinu er lítið um votlendi og því er enn ríkari ástæða til að varðveita þær fáu mýrar er þar finnast.

Í athugun Vistfræðistofnunar á gróðri á framkvæmdasvæðinu fundust hvorki sjaldséðar tegundir plantna né sérstök gróðursamfélög (viðauki 8). [...] Vistfræðistofnan bendir þó á að þrátt fyrir að bæði plöntutegundir og gróðurfélög séu með útbreiddum hætti, eru nærri gróðurvana vikurbunkar sundurskornir af grónum vatnsrásum nokkuð sérstök fyrirbæri og setja þeir eftirminnilegan svip á umhverfið. Lagt er til að skilið verði eftir óhreyft vikursvæði efst á Harðbalasvæði, sem liggur næst jökulgarði.

Náttúruvernd ríkisins tekur undir athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands um votlendissvæðið á Breið og telur óásættanlegt að því verði raskað. Mjög hefur gengið á mýrlendi á þessari öld vegna framræslu og er nauðsynlegt að vernda það sem eftir er ósnert, m.a. vegna fuglalífs. “ Þessu til áréttingar bendir Náttúruvernd ríkisins m.a. á rit umhverfisráðuneytisins, „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Framkvæmdaáætlun til aldamóta“ og aðgerðir af hálfu stjórnvalda til endurheimtunar votlendis. „Þá bendir stofnunin á að í úrskurðum umhverfisráðuneytis síðastliðið ár vegna mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á votlendi hefur verið sett það skilyrði að gerð verði áætlun um endurheimt votlendis í stað þess sem tapast vegna framkvæmdanna. Náttúruvernd ríkisins tekur undir þá athugasemd Vistfræðistofnunar að vikurbunkar sem eru sundurskornir af grónum vatnsrásum séu nokkuð sérstök fyrirbæri sem setji eftirminnilegan svip á umhverfið. Stofnunin telur æskilegt að láta þá óhreyfða.

Dýralíf

[...]Fuglalíf á Breið hefur aukist á undanförunum árum. Þar mun vera mjög mikið kríuvarp og á tjörnum er að finna rauðhöfðaönd, skúfönd og álft. Þá er jaðrakan á Þrætuflóa. Enn fremur má benda á að við Rif, í nágrenni við athafnasvæðið, er þekkt fuglaskoðunarsvæði sem vart er talið eiga sinn líka hvað varðar fuglalíf á utanverðu Snæfellsnesi. Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf og því hefði verið eðlilegt að gera úttekt á fuglalífi vegna framkvæmdarinnar eða athuga hvort til eru upplýsingar um fugla á svæðinu, t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Stofnunin telur að þær upplýsingar verði að

liggja fyrir áður en og ef ráðist verður í þær framkvæmdir sem lýst er í frummatsskýrslu.

Vegagerð

[...]Náttúruvernd ríkisins telur að þau gögn sem fylgja frummatsskýrslunni hvað varðar legu fyrirhugaðra vega séu ekki nógu ítarleg. Nauðsynlegt er að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn um vegagerðina, s.s. kort í mkv. 1:5000 sem sýnir nákvæma legu veganna og skeringar. Þá kemur lengd fyrirhugaðra vega ekki fram í frummatsskýrslu. Samkvæmt frummatsskýrslu er ráðgert að taka efni úr námu á sandsléttu norðan Sandkúlna vegna vegagerðar frá Jökulhálsvegi að Harðabala. Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2105 er ekki gert ráð fyrir efnisnámi norðan Sandkúlna. Þar sem fyrirhuguð efnistaka er ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag og stefnu sveitarfélagsins í efnistökmálum leggst Náttúruvernd ríkisins gegn efnistöku á ofangreindum stað. Auk þess vantar lýsingu og mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar.

1. Vegur niður á Breið

Náttúruvernd ríkisins leggst fyrir sitt leyti gegn fyrirhugaðri vegalagningu niður á Breið. Stofnunin telur að vegalagningin muni raska merkum náttúruminum og sé því óásættanleg út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Vegurinn mun liggja yfir óraskað svæði og liggja þvert yfir nútímahraun, Væjuhraun, sem er gróið mosaþembu með smárunnum að tveimur þriðju hlutum (sbr. gróðurúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands). Væjuhraun er yngsta hraunið undir Jökli, með ótal bollum og lægðum. Hraunið er komið upp í gjallgíg sem kallast Sjónarhóll. Með fyrirhugaðri vegagerð yfir Væjuhraun væri verið að kljúfa í sundur ákveðna landslagsheild, þ.e. gíginn og hraunið sem úr honum hefur runnið. Náttúruvernd ríkisins telur að nútímahraun séu merkar náttúruminjar sem forðast beri að raska. Þau eru sjaldgæf á alþjóðlegan mælikvarða og eru sérstök landslagsform í íslenskri náttúru. Mörgum þeirra hefur nú þegar verið raskað með mannvirkjagerð og er æskilegt að hlífa þeim sem enn eru óröskuð. Náttúruvernd ríkisins bendir á að Snæfellsjökull ásamt eldvörpum og hraunum á utanverðu Snæfellsnesi mynda sérstætt jarðeldalandslag sem hefur alþjóðlegt verndargildi. Í gróðurúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að vegurinn mun koma til með að liggja um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi. Á tæplega 1 km löngum kafla mun hann að mestu liggja yfir mýrarstararmýri eða liggja á mörkum mýrarstarar og graslendis. Í frummatsskýrslu segir að vegurinn muni hafa lítil áhrif á vatnsborð í mýrinni þar sem hann liggja nærri vatnaskilum í mýrinni og verði lagður fljótandi. Jafnframt segir að standi vatn upp öðru hvoru megin við veginn verða sett ræsi undir hann. Eins og fram kemur í kaflanum um gróðurfur hér að ofan telur Náttúruvernd ríkisins óásættanlegt að votlendi hér á landi verði raskað frekar en orðið er. Verndun votlendis er enn fremur í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þá bendir Náttúruvernd ríkisins á að þar sem svörður í mýrlendi er bæði gljúpur og mosaríkur og grunnvatnsstaða er í eða rétt undir yfirborði er líklegt að allar framkvæmdir, þ.m.t. umsvif með þungar vinnuvélar, hafi áhrif á stöðu og rennsli vatns í mýrlendinu. Ekki er vitað með vissu hvaða áhrif það hefur á votlendi að leggja „fljótandi veg“ yfir það enda hefur ekki verið fylgst með áhrifum slíkrar vegagerðar. Náttúruvernd ríkisins telur að sé hættu á náttúruspjöllum eigi náttúran að njóta vafans. Fyrirhugaður vegur liggur um svæði sem er tilvalið útivistarsvæði fyrir þéttbýlisstaðina á norðanverðu Snæ-

fillsnesi. Vegalagningin stangast því á við hagsmundi útivistar þar sem hún mun hluta í sundur útivistarsvæði og beina þungaflutningum í gegnum það.

2. Vegur frá Jökulhálsvegi yfir á vikursvæði við Harðabala.

Náttúruvernd ríkisins telur að fyrirhuguð vegagerð frá Jökulhálsvegi að vikursvæði við Harðabala muni rýra gildi svæðisins við Snæfellsjökul sem gönguland. Snæfellsjökull hefur mikið aðdráttarafl og vinsælt er að ganga á jökulinn. Í greinargerð með staðfestu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 segir m.a. að „með stofnun þjóðgarðs undir Jökli vaxi mikilvægi umhverfis og útivistar innan sveitarfélagsins”. Jafnframt segir að „gera megji ráð fyrir stóruáskotni áskotni í göngur á Jökulinn, sem af mörgum sé talinn vera ein af aðalorkustöðvum heimsins”. Aðallega hefur verið gengið á jökulinn að norðan- og austanverðu enda erfitt að ganga á hann að sunnan- og vestanverðu. Æskilegt er að hægt sé að ganga á jökulinn án þess að verða fyrir truflun frá vélvæddri umferð, hvað þá þungaflutningum. Með ofangreindri vegtengingu verður óslitið vegakerfi norðan og austan jökulsins en fyrir er vegur frá Arnarstapa um Jökulháls yfir í Ólafsvík og vegur að Harðabala frá útnesvegi við Móðulæk. Mögulegur hringvegaakstur kemur í veg fyrir að hægt sé að bjóða upp á gönguleiðir án truflunar frá umferð og hefur því í för með sér röskun á friðhelgi göngulands. Ofangreind vegtenging mun enn fremur raska fallegum náttúrumyndunum, þ.e. ógrónum vikurbunkum sem eru skornir með vatnsrásum og mynda sérkennilegt landslag.

Vatnsverndarsvæði

Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 eru tvö vatnsverndarsvæði á norðanverðu Snæfellsnesi. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að vatnsból Ólafsvíkur eru við Gerðuberg og að þar beri á vatnsskorti að vetrarlagi. Jafnframt kemur fram að gera þurfi úrbætur við lindir til aukinnar nýtingar og verja þær betur til að komast hjá mengun vatns. Vatnsból Rífs og Hellissands eru í Fossdal og eru gæði vatnsins mikil. Auk þeirra linda sem nú eru notaðar eru lindir ofar í dalnum sem mætti nýta í framtíðinni. Náttúruvernd ríkisins bendir á að umferð vegna vikurflutninga mun með nýrri vegtengingu liggja beint upp af vatnsbóli Rífs og Hellissand og því hætta á mengun neysluvatns. Verði af framkvæmdum er mikilvægt að tryggja að vatnsbólið spillist ekki enda í húfi framtíðarhagsmunir íbúa á svæðinu.

Efnismengun

Náttúruvernd ríkisins bendir á að við Harðakamb er að finna steypuefni sem mun vera eina nothæfa steypuefnið í sveitarfélaginu. Leiða má líkur að því að með hreinsun og geymslu á vikri á athafnasvæðinu við Breið skapist hætta á því að steypuefnið mengist af óhreinindum. Flóð (leysingavatn) sem öðru hverju verða inni á Breið valda því að svæðið fer undir vatn og er þá sá möguleiki fyrir hendi að vikur berist í steypuefnið með leysingavatni. Jafnframt er hætta á því að vikur berist út í Hólmsá og þaðan út í Laxá sem rennur til sjávar. Vert er að hafa í huga að nú þegar ber á vikurmengun við ströndina. Í skýrslunni er ekki fjallað um hvaða áhrif efnismengun gæti haft á lífríki í Rífsósnum.

Fyrirhugaður þjóðgarður

Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 er gert ráð fyrir þjóðgarði á Snæfellsnesi. Undirbúningsnefnd um stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæ-

fellnesi hefur sent frá sér lokaskýrslu um þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi, dags. 1. júlí 1997. Í frummatsskýrslu er lögð áhersla á margföldunaráhrif vikurvinnslunnar og því haldið fram að fyrirhugað vikurvinnsla muni hafa meiri áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu en fyrirhugaður þjóðgarður. Þar segir m.a.: „Vikurvinnslan mun því auka verulega á fjölbreytni atvinnulífs í Snæfellsbæ. Vikurvinnsla byggir á þungaflutningum og vinnuvélum sem þurfa viðhald og eru dýr í rekstri þannig að margföldunaráhrif starfseminnar eru umtalsverð og líklega meiri en tala stöðugilda segir til um. Starfsemin í heild mun líklega skapa jafnmörg störf og nú eru við ferðapjónustu í Snæfellsbæ og fleiri störf en fyrirhugaður þjóðgarður mun skapa ef starfsemi í honum verður svipuð því sem verið hefur í Skaftafelli.“

Náttúruvernd ríkisins veit ekki til þess að gerð hafi verið úttekt á margfeldisáhrifum þjóðgarðsins í Skaftafelli og telur því ofangreindan samanburðan órökstuddan og ekki byggðan á neinu öðru en getgátum.

Jaðarsvæði fyrirhugaðs þjóðgarðs

Sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, eru samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 93/1996 friðlýstar sem náttúruvætti. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín. [...] Snæfellsjökull er eitt helsta aðdráttarafl og höfuðdjásn fyrirhugaðs þjóðgarðs, mikilfenglegur og sést að úr öllum áttum. Hann er besta dæmið um eldkeilu á Íslandi. Jökullinn og eldstöðvarnar í kringum hann mynda eitt af þremur eldstöðvakerfum á Snæfellsnesi. Það er um 30 km langt og nær frá Mælifelli í austri að Öndverðanesi í vestri og e.t.v. lengra. Eldstöðvakerfið hefur lífæð úr kvikupró á nokkurra kílómetra dýpi undir jöklinum sjálfum. Óviða er fjölbreytileiki útlits og tegunda hrauna meiri en á Snæfellsnesi. Ef núverandi tillögur um þjóðgarð ná fram að ganga verður aðeins hluti eldstöðvakerfisins verndaður en eins og fram kemur hér að ofan er talið nauðsynlegt að friða svæði í kringum náttúruvætti til þess að þau fái notið sín. Til þess að Snæfellsjökull fái notið sín er nauðsynlegt að umhverfis hann sé jaðarsvæði þar sem jarðraski er haldið í algjöru lágmarki. Líta verður á mörk eldstöðvakerfisins sem jaðarsvæði fyrirhugaðs þjóðgarðs. Jafnframt minnir stofnunin á að Íslendingum ber skylda til að vernda sérstaklega jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða.“

Ferðapjónusta og útivist

Náttúruvernd ríkisins bendir á að sú staðhæfing sem kemur fram í frummatsskýrslu að ferðamenn komi ekki til með að verða varir við vinnsluna, hvorki vinnutæki eða vörubíla, sé hæpin þar sem gert er ráð fyrir aukinni umferð göngufólks á og við jökulinn og eru ferðamennirnir þar í næsta nágrenni við vikurstarfsemina.

„Sú túlkun höfunda frummatsskýrslu á ferðakönnun á Snæfellsnesi að ferðamenn verði ekki varir við vikurvinnsluna er enn fremur hæpin þar sem um ¾ hluti þátttakenda í könnuninni voru spurðir á Arnarstapa og Búðum, þ.e. á sunnanverðu svæðinu en þar verða menn ekki eins varir við vikurvinnslu þar sem vinnslan og allur flutningur á vikri er tengdur við norðanvert svæðið. Óhætt er að fullyrða að þegar vélsledamenn hafa stöðvað farartækið þá óski þeir eigi síður en göngufólk eftir kyrrð og ró á jöklinum og í nágrenni hans. Það er vart hægt að halda því fram að ferðamenn sem nýta sér vélknúin farartæki til að komast að einhverjum stað vilji ekki njóta öræfakyrðar í sama mæli og aðrir ferðamenn. Fullyrt er í frummatsskýrslunni að vegtenging á milli Harðabala og vegar á Jökulhálsi opni nýtt

svæði fyrir almenna ferðamennsku. Þetta er eina svæðið við jökulinn sem nýtt er af göngufólki og er ekki sundurskorið af vegi. Brýnt er að svo verði áfram. Því er við að bæta að Ferðamálaráð Íslands telur að jarðrask í hlíðum Snæfellsjökuls muni hafa verulega neikvæð áhrif á úmynd svæðisins og jafnvel gera þjónustuaðilum erfiðara fyrir með kynningu á svæðinu (viðauki 4).

Vinnsla undanfarin ár

Á síðastliðnum fimm árum hafa ýmsar framkvæmdir átt sér stað umhverfis Snæfellsjökul sem leitt hafa til umhverfisspjalla, s.s. vegna vikurnáms og vegagerðar að skíðasvæði. Náttúruvernd ríkisins bendir á að vikurvinnsla við Snæfellsjökul hefur ekki farið fram eins og samkomulag náðist um milli framkvæmdaaðila og Náttúruverndarráðs sumarið 1994. Samkvæmt bréfi umhverfisráðuneytis frá 1. maí 1994 var lagt til að Náttúruverndarráð skoðaði svæðið með framkvæmdaaðila og að það yrði afmarkað í samráðið við ráðið. Náttúruverndarráð lagði m.a. áherslu á að Blágili yrði hlíft og að ekki yrði unnið nær gílinu en 100 metrar. Jafnframt að stærð vinnslusvæða yrði takmörkuð. Ári seinna var farið í vettvangsferð um vikurvinnslusvæðið og kom þá í ljós að framkvæmdaaðilar höfðu unnið nánast ofan í gilið og lækkað gilbarminn sunnan megin. Umgengni á söfnunarsvæðinu við Móðulæk hefur verið slæm og framkvæmdaaðilar hafa ekki sýnt svæðinu viðeigandi virðingu. Með hliðsjón af framangreindum atriðum telur Náttúruvernd ríkisins að fyrirhugað vikurnám og vegagerð geti ekki samræmst stefnu stofnunarinnar í náttúruvernd og leggst því gegn framkvæmdunum.“

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs** með bréfi, 17. nóvember 1998. Umsögn barst ekki.

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 17. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 24. nóvember 1998. Þar segir m.a.:

„Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum liggja umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að því er varðar veiðivötn aðallega í því, að teknir eru um 30 sekúndulítrar af vatni úr Hólmkelsá til þvottar við sigtun á vikri á athafnasvæði fyrirtækisins. Vatninu er síðan veitt aftur í ána eftir verulegan viðverutíma í settjörnum. Ekki er talið að vikur berist út í ána við þessar aðgerðir en hann er nokkur fyrir í ánni. Hólmkelsá hefur ekki mikla skráða náttúrulega veiði, en hefur stundum verið nýtt til sleppinga og veiði á fiski. Veiðifélag var stofnað um ána en starfsemi þess hefur legið niðri í mörg ár. Miðað við ofan nefndar forsendur gerir undirritaður ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir enda liggja fyrir samþykktir veiðiréttareigenda við Hólmkelsá og reynt sé eins og kostur er að hemja vikurburð með leysingavatni af námusvæðinu í ána.“

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 17. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 7. desember 1998. Þar segir m.a.:

„Bjarni F. Einarsson ritaði álitserð um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði dags. 8. nóvember 1996, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að fornum menningarminjum sé ekki hætt, svo fremi að áformaður vegur á Breið verði lagður á milli rústa skv. nánari skilgreiningu á hjálagðri teikningu og ekki nær þeim en 20 m. Þór Magnússon þjóðminjavörður telur að öllu leyti undir ábendingar Bjarna í umsögn sinni frá 22. nóvember s.á. og bætir við að vikurbingir verði ekki nær

rústum en 20 m og spilli umhverfi þeirra sem minnst. Fjallað er um menningarminjar í kafla 2.2 í frummatsskýrslunni (bls. 5) og mótvægisáðgerðir í 14. kafla (bls. 55). Að því athuguðu mælist Þjóðminjasafnið til þess að framkvæmdaleyfi verði háð því skilyrði að allar fornleifar í nágrenni vegarins verði skráðar og nánari grein gerð fyrir þeim og í framhaldi af því mótaðar skýrar mótvægisáðgerðir þeim til verndar ef nauðsyn krefur.“

Framkvæmdin var kynnt **Hollustuvernd ríkisins** með bréfi, dags. 17. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 18. desember 1998. Þar segir m.a.:

„Æskilegt er að flutningaleiðir liggi ekki nálægt íbúðarbyggð. Miðað við 300 bíla umferð á dag og 10% þungaumferð og 70 km hraða þurfa hús að vera í 45 – 90 m fjarlægð til að tryggja 45 dBA fyrir utan íbúðarhús eftir því hvort land sé vel gróið eða ekki. Ef umferð og hraði er meiri, t.d. 90 – 100 km/h þarf sambærilegar fjarlægðir til að tryggja 55 dBA. Því þarf að koma fram fjarlægð íbúðarhúsa og sumarhúsa frá væntanlegum flutningaleiðum. Við vikurnám og geymslu er alltaf hætt á foki og ryki. Því getur verið nauðsynlegt að möguleiki sé á að bleyta í vikrinum þar sem hann er geymdur.“

3. ATHUGASEMDIR

Athugasemd barst frá **Ferðamálasamtökum Snæfellsness**, dags. 22. desember 1998, þar segir:

„Ferðamálasamtök Snæfellsness leggja ríka áherslu á að vandað verði við allan umgang vegna vikurnáms við Snæfellsjökul, svo og allt jarðrask, með tilliti til væntanlegs þjóðgarðs og hinnar viðkvæmu náttúru svæðisins.“

Athugasemd barst frá **Páli Hrannari Hermannssyni**, dags. 27. desember 1998, þar segir m.a.:

„Vikurnám við Snæfellsjökul er ekki ásættanlegt af fjölmörgum ástæðum. Ferðaþjónusta á svæðinu mun hljóta skaða af náttúra spillast og fleiri ófyrirséðar afleiðingar í kjölfarið. Áhrif vikurnáms á ferðamennsku á svæðinu eru mjög slæm nú þegar og munu hafa víðtækari áhrif en nú er. Það er gert of lítið úr þeim þætti í skýrslu Stuðuls ehf.“

Um áhrif á ferðamennsku og þjónustu er bent á að könnun á ferðamálum á Snæfellsnesi sem vitnað er til í frummatsskýrslu nái yfir stutt tímabil og sé gerð einungis eitt sumar.

„Veðurfar getur verið mjög mismunandi eftir sumrum og það hefur mikil áhrif á það hvert fólk ferðast, því hefði könnun átt að ná yfir tvö sumur hið minnsta, en ef vel á að vera í tvö til þrjú ár til að fá sem gleggsta mynd. Eins og kunnugt er þá er vetrarferðamennska alltaf að aukast. Það verður að kanna ferðamynstur allra ferðamanna á svæðinu en ekki einungis ákveðinna hópa. Það verður að vanda þennan þátt sérstaklega ef leggja á slíkar kannanir til grundvallar til ákvörðunar um frekara vikurnám, því ferðamál eru sá þáttur sem mælir einna helst á móti frekari vikurvinnslu á svæðinu. Einnig nær könnunin einungis til þeirra sem ferðast á eigin vegum en ekki til hópa í skipulögðum ferðum, sem er stærsti hluti þeirra sem ferðast um Snæfellsnes. Ekki var spurt um viðhorf ferðamanna til vikurnáms á þessu svæði, það eru nú einu sinni þeir sem koma til með að ferðast um svæðið, þannig að þeim er málið viðkomandi. Höfundur skýrslu þessarar setur fram þá

tilgátu að ferðamenn, sem stunda skíðaferðir eða vélsleðaferðir, séu síður viðkvæmir fyrir truflun af völdum námuvinnslnunnar en göngumenn. Ég tel að sú tilgáta sé alls ekki rétt og eigi ekki við nein rök að styðjast og sé í raun óskiljanleg, því ferðamenn sem ferðast á skíðum eða vélsleðum, vilja ekki síður hafa ósnortna náttúru í kringum sig. Vitneskjan ein um jarðefnandiðnað í nágrenni við og á ferðamannastöðum hefur ákaflega truflandi og óæskileg áhrif á þann sem ferðast þar um. Sjónræn truflun, af völdum vikurvinnslunnar, er mjög mikil [...]. Ferðamenn, innlendir sem erlendir, búast ekki við því að sjá stórvirkar vinnuvélar raska því landsvæði sem þeir ferðast um og veldur slík upplifun vonbrigðum og hefur neikvæða kynningu. Ísland hefur nefnilega verið kynnt á allt annan hátt, sem hreint og ósnortið land. Varðandi niðurstöður könnunarinnar um það að einungis 5 – 7 % ferðamanna hafi stundað fjallgöngu, þá leyfi ég mér að draga það í efa, samkvæmt reynslu undirritaðs (sem vann við Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ólafsvík 1991 til 1994), þá geri ég ráð fyrir að þessi tala sé mun hærrí og dreg í efa áreiðanleika þessarar könnunar. Það má benda á það, að með bættu aðgengi að Jökulhálsi þá myndu hin hefðbundna íslenska fjölskylda og skipulagðar rútuferðir leggja leið sína þangað í mun meira mæli en nú er. Ekki þarf vikurvinnslufyrirtæki til að bæta það aðgengi, heldur skipulagða ferðamennsku í Snæfellsbæ. Bættar samgöngur með tilkomu Hvalfjarðarganga hafa stóraukið ferðamannastraum í Snæfellsbæ og mun sú aukning breyta allverulega þeirri mynd sem dregin hefur verið upp í umræddri könnun. [...] Þetta námusvæði á í raun að vera fyrir innan þjóðgarð sökum mikilvægi þess í jarðfræði svæðisins. Þar sem þjóðgarðar eru starfræktir býst fólk við einstakri náttúrufegurð og ósnortinni náttúru og sækir í þá staði. Því miður er ekki svo á núverandi námusvæði, en það má draga úr skaðanum með því að hætta allri vinnslu nú þegar og lagfæra það sem búið er að raska. Ferðamennska er mjög mismunandi og hægt er að skipta henni upp í nokkra megin þætti, t.d. jarðfræðiskoðun (á sérstaklega við hér), fugla/dýraskoðun, plöntuskoðun, náttúruskoðun (sambland af þremur fyrrnefndum þáttum), söguskoðun, fornleifaskoðun og svo stefnulaus ferðamennska. Hverjir koma á Snæfellsnesið og leggja sérstaka áherslu á eitthvert eitt þessa atriða? Það eru aðallega erlendir ferðamenn og eru þeir sennilega mikilvægastir að öðrum ólöstuðum, í sambandi við kynningu þegar heim er komið og öflun gjaldeyrstekna. Jákvæð upplifun ferðamanna er sú besta landkynning sem við fáum.

Varðandi sjónræn áhrif.

Höfundur skýrslunnar gerir mjög lítið úr sjónrænum áhrifum vikurvinnslunnar. [...] Það að sjá gröfu, flutningabíla, ýtu og jarðrask hefur mikil og neikvæð áhrif á ferðamenn. [...] Þeir sem hafa farið á þetta svæði sjá að vikurbreiðurnar og jökulöldurnar (úr vikri) eru órjúfanlegur þáttur í sérkennum þessa svæðis. Það er ekki að ástæðulausu að þetta svæði er á náttúruminjaskrá. Það er frekar einkennilegt að lesa það í skýrslunni að með því að fjarlægja jökulgarð/hrygg (sjá kafla 10.1.1 fjallað um mynd 10.4) þá fáist mun betra útsýni upp á Snæfellsjökul og talað um það til bóta, sem er í raun til skemmda, því þetta hefur veruleg mótandi áhrif á landslagið. Vikur er ekki endurnýjanleg auðlind og er því óbætanlegt það sem af er tekið.

Varðandi veglagningu.

Öll nýlagning vega er skadleg og þá sérstaklega frá Klukkufossi niður á Breið. Þar er svæði sem hefur hingað til verið laust við ágang manna, þar er ósnortin

náttúra og er það vægast sagt vafasamt að leggja veg sem sker í sundur mjög stórt óbyggt svæði (sjá mynd 1.3) Veglagning frá Geldingafelli að Harðabala er mjög óæskileg í þeim tilgangi að tengja saman vinnslusvæði en væri í lagi til að tengja saman ferðamanna- svæði. En þar sem vikurvinnsla og ferðamennska er ósamrýmanleg þá er þessi veglagning óásættanleg.

Varðandi áhrif á atvinnulíf.

Það er niðurstaða höfundar skýrslunnar að námuvinnslan hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf í Snæfellsbæ. Þess ber að geta að það eru mestmegnis aðkomumenn (þ.e.a.s. búsettir í öðrum bæjarfélögum og greiða sín gjöld þar) sem vinna að vinnslunni eins og hún er starfrækt í dag. Aukin umsvif vikurvinnslu geta svo sem haft einhverja aukningu á stöðugildum en þá einungis brot úr ári. Þróun ferðamennsku í Snæfellsbæ mun hljóta skaða af frekari vinnslu, því metnaðarfullar hugmyndir um vistvænt samfélag og vistvæna ferðamennsku geta ekki dafnað í skugga vikurvinnslu. Það er ámælisvert af höfundi að fara ekki í frekari skilgreiningu á atvinnutengdri ferðamannaþjónustu, það er ekki gerð nokkur tilraun til þess. Hann fjallar einungis um Snjófell, sem flytur ferðamenn upp á Snæfellsjökul. En ekki þá sem beina gestum sínum til Snjófells, sem eru eigendur bændaþinga, hótela, gistiheimila og rekstraradilar hópferða og hafa beinan hag af því að veita viðskiptavinum sínum sem fjölbreyttast úrval ferða. Samkvæmt gróflegri athugun minni, sem ég tel að sé í raun vanmat, þá telst mér svo til að hátt í 60 manns hafa beina atvinnu af ferðamannaþjónustu í Snæfellsbæ yfir háannatímamann og þá á eftir taka tillit til þeirra sem starfa í almennri þjónustu svo sem matvörubúðum, veitingasölu, eldsneytissölu, hjólbarðaviðgerðum, sundlaugum o.fl. Það er engin tilraun gerð til þess að athuga þetta að nokkru marki.

Varðandi aðkomu opinberra aðila (Landbúnaðarráðuneytis, Iðnaðarráðuneytis, Snæfellsbæjar og Neshrepps utan Ennis). [...] Gert er samkomulag á milli Snæfellsbæjar, Umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um Staðardagskrá 21, umsjónarmaður Stefán Gíslason. Megininntak þess er sjálfbær þróun samfélaga, sem felur í sér auknar kröfur til umhverfisverndar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Umrædd vikurvinnsla telst ekki til aukinnar umhverfisverndar eða sjálfbærrar nýtingar auðlinda.

Lokaorð.

Það er staðreynd að flestir þeir sem koma á Snæfellsnes, koma til að skoða Snæfellsjökul og heillast af jarðfræði svæðisins. Leiðin yfir Jökulháls er sú leið sem liggur næst Snæfellsjökli og er auðveldasta aðkoman að jöklinum. Með tilvist þjóðgarðsins mun umferð bæði gangandi og akandi gesta stórlega aukast um Jökulháls. Það er þess vegna mjög mikilvægt að leiðin sé vernduð fyrir ágangi þeirra sem vilja vinna vikur á svæðinu. Með því að leyfa áframhaldandi vikurvinnslu á svæðinu eyðileggjum við ótal möguleika sem ferðaþjónusta býður upp á og þá þróun sem núverandi starfsemi ætti að öðrum kosti. [...] Það er skoðun mín að með leyfisveitingu vikurnáms, á þessu viðkvæma svæði í margvíslegum skilningi, með tilliti til ferðamála, atvinnumála, gróðurfars og landslags, þá yrði stigið stórt skref aftur á bak, að frumstæðum atvinnuvegum þar sem menn selja land sitt í bókstaflegri merkingu þessa orðs. Menn munu missa af tækifæri til metnaðarfullrar atvinnuþróunar og -uppbyggingar samhliða stofnun þjóðgarðs í Snæfellsbæ.“

Athugasemd barst frá **Hjálmarí Kristjánssyni og Lydíu Rafnsdóttur**, dags. 28. desember 1998, þar segir m.a.:

„Umgengni á fjalli hjá Nesvíkri ehf. (Lava) er með ólíkindum slæm. Svo ekki sé talað um flokkunaraðstöðuna á Breið, þar sem þeir hafa aðeins verið í örfáa mánuði. Þar er járnaruslið út um allt og fjallháir haugar af úrgangsvíkri svo efast má stórlega um nýtingartölur félagsins. Ekki hefur verið gengið frá fyrri flokkunaraðstöðu við Móðulæk. Á höfninni á Rífi er allt vaðandi í vikri og ef gerir hressilegt rok, sem gerist nokkuð oft, þá rignir þessu yfir bátana. Það fer tæplegast saman útflutningur á vikri og löndun á ferskfiski í sömu höfn.

Umgengni þessara aðila er með þeim hætti að ekki er hægt að mæla með því að þeir fái áframhaldandi starfsleyfi.“

4. UMHVERFISÁHRIF VIKURNÁMS VIÐ SNÆFELLSJÖKUL

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt fyrirhugað framhald á vikurnámi austan og norðan við Snæfellsjökul, lagning nýrra vega til flutninga á vikri, vinnsla vikursins á athafnasvæði á Breið sunnan við Rífi og útskipun afurða frá Rífi. Áætlaður endingartími þeirra vikursvæða sem hér er fjallað um er 50 ár.

4.1.1 Vikurnám

Vikurnám við Snæfellsjökul hefur verið stundað með hléum frá seinni heimsstyrjöldinni fram til um 1950 og aftur frá árinu 1994. Vikurnámið er fyrirhugað á tveimur svæðum, Jökulhálssvæði og Harðabalasvæði. Sameiginlegt einkenni allra vikursvæða við Snæfellsjökul er það að vikurinn liggur á yfirborði og ekki þarf að fjarlægja jarðveg ofan af vikurmyndunum. Þetta hefur í för með sér að ekkert efni er á staðnum til þess að slétta yfir vinnslusvæðin þegar námi er lokið.

Námuvinnslan verður á afmörkuðum námusvæðum, sem skilgreind eru skv. námulögum, innan þeirra eru vinnslusvæði og þeim aftur skipt upp í vinnsluteiga. Vinnsluteigar svara til um það bil eins árs vinnslu. Við vinnslu og frágang verður farið eftir reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs.

Á **Jökulhálsi** á vikurnám sér langa sögu og er námusvæðinu skipt upp í þrjú megin vinnslusvæði. Vikurmyndanirnar eru að jafnaði 2-5 m á þykkt en á afmörkuðum svæðum 6-10 m. Vikurinn liggur ýmist í lögum sem eru óhreyfð frá því hann féll eða að jökullinn hefur ýtt honum upp í garða eða leysingavatn borið hann til. Talið er að um tvær milljónir rúmmetra af vikri sé að finna á svæðinu.

Undir Sandkúlum norðan vatnaskila hefur farið fram vinnsla á stórum hluta svæðisins. Samkvæmt rannsóknnum er þó mikill vikur þar eftir. Sléttað hefur verið yfir flestar gömlu námurnar en ein gryfja er opin og þar var síðast tekinn vikur árið 1996. Vikur á svæðinu er í óhreyfðum lögum, í jökulgarði og vatnsborinn.

Á norðurhluta hraunsvæðis á vatnaskilum er fyrirhugað að vinna að lokinni vinnslu svæðisins norðan vatnaskilanna. Vikur hefur verið unninn á svæðinu. Hann liggur óhreyfður ofan á hrauni og einkennist af því hve vikurmolar eru kantaðir og stórir eða allt að 10 cm í þvermál.

Á jökulgarðssvæði sunnan vatnaskila er áformað að nema allan aðaljökulgarðinn í áföngum. Í þessari myndun er vikurinn lagskiptur þ.e. lög úr basaltmylsnu eru inn á milli og auk þess er hann oftast fíngerður. Vikur hefur verið unninn á svæðinu.

Á **Harðabalasvæði** virðast vikurmyndanir einkum vera flóðaset og er talsvert af fínefnum úr basalti í efninu. Myndanirnar eru víða í ósamfelldum hryggjum en á milli renna smálækir og leysingavatn. Talið er að rúmlega ein milljón rúmmetra af nýtanlegum vikri sé á svæðinu austan Blágils/Móðulækjar.

4.1.2 Vegagerð

Tengja á námusvæðin með vegi **frá Geldingafelli eystra yfir að Harðabala** svo ekki þurfi að aka með allan vikur af Jökulhálsi niður í Ólafsvík og þaðan að athafnasvæði á Breið. Lengd vegarins er um 2 km. Næst Geldingafelli er áformað að vegurinn liggja yfir gróna sléttu þar sem jeppaslóð er fyrir. Vestan Geldingafells er gert ráð fyrir að leggja veginn inn á námusvæðið á Harðabala. Gert er ráð fyrir að ofanýtingarefni úr vikurnámum verði notað í veginn, þar sem þess þarf, en að öðru jöfnu er ekki gert ráð fyrir að vegurinn verði uppbyggður. Áformað er að nýta allt að 1000 m³ úr námu á sandsléttu norðan Sandkúla í veginn.

Frá þjóðvegi norðan Saxhóls liggur vegur upp á Harðabalasvæði, Eysteinsdalsvegur, og er áformað að leggja veg frá honum, nánar tiltekið **frá Klukkufossi að athafnasvæði á Breið**. Tilgangurinn er að losna við vikurflutninga af Útnesvegi og stytta flutningsvegalegd. Lengd vegarins verður 4-5 km. Kynntir eru þrjár möguleikar á legu vegarins í frummatsskýrslu.

Leið 1 liggur frá Klukkufossi yfir Væjuhraun, hún er talin styst og auðveldust en liggur yfir ósnortið hraun og yrði mjög áberandi.

Leið 2, svonefndur Prestahraunsvegur, er vörðuð gömul þjóðleið. Þar yrði vegurinn lítið áberandi en talinn eyðileggja gömlu þjóðleiðina.

Leið 3, valkostur framkvæmdaraðila, liggur frá Klukkufossi yfir Væjuhraun, í nokkurri skeringu undir Stapakinnaborgum, austan Djúadalsvatns, undir vesturhlíð Búrfells og yfir mela og mýrlendi að athafnasvæðinu á Breið.

Samkvæmt frummatsskýrslu er ekki gert ráð fyrir að opna nýjar námur við veginn, né að rutt verði efni upp í hann, en gert er ráð fyrir að eitthvað af efni falli til við jöfnun vegstæðis og úr skeringu undir Stapakinnaborgum. Gert er ráð fyrir að flytja efni einkum úr malarnámi á Breið og úr malarnámi og frákastshaugum við Móðulæk. Einnig er talinn möguleiki á að nota efni úr stórgrýtisnámu nálægt Rifi. Alls er áætlað að í veginn þurfi 45.000 m³ af efni.

Samkvæmt frummatsskýrslu verða vegir þessir í eigu Nesvikurs ehf. sem getur takmarkað almenna umferð um þá ef hún truflar vikurflutninga. Að loknum framkvæmdatíma verða vegirnir afhentir Snæfellsbæ eða íslenska ríkinu til eignar.

4.1.3 Athafnasvæði á Breið

Samkvæmt frummatsskýrslu er athafnasvæði skammt frá flugvellingum á Rifi á svonefndri Breið á bökkum Hólmkelsár. Þar verða efnishaugar, starfsmannahús og malarharpa auk þess sem gert er ráð fyrir að reisa stöð til þurrkunar á vikri, hús fyrir sekkjun og vélaskemmu. Vatn til vikurþvotta, um 30 l/s, verður leitt frá Hólmkelsá um 12 " lög. Gert er ráð fyrir að grafa þurfi frákastsefni á athafnasvæðinu og kemur fram

að það geti haft í för með sér allt að 2,5 m hækkun alls svæðis miðað við 50 ára vinnslu en unnið er að því að nýta þetta efni sem mest.

4.1.4 Umferð

Samkvæmt frummatsskýrslu fóru 56 bílar á dag að meðaltali um veginn milli Ólafsvíkur og Jökulhálsafleggjara, fyrir utan vikurflutningabíla, á tímabilinun 9. júlí til 8. september 1996. Ekki er vitað hve margir fóru yfir hálsinn og ekki eru til tölur yfir umferð sunnanfrá.

Gert er ráð fyrir að vikur verði fluttur í 25-35 ferðum á dag og við það tvöfaldast meðal sumardagsumferð á veginum yfir Jökulháls við Sandkúlur og 10 – 15 mínútna bíl verður á milli flutningabíla. Með tilkomu nýrra vega samkvæmt frummatsskýrslu styttest flutningavegalengdir milli Jökulháls og athafnasvæðis á Breið um 5 km og Harðabala og Breiðar um 13 km.

4.1.5 Útflutningur frá Rifi

Samkvæmt frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að vikrinum verði skipað út frá Rifi og er þar steipt plan til þess að auðvelda útskipun. Á planinu verður vikur geymdur í nokkra sólarhringa áður en að útskipun kemur, sem tekur um sólarhring, en á sama tíma verða einnig miklir flutningar frá athafnasvæði á Breið niður á höfn.

4.1.6 Atvinnumál

Samkvæmt frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að 20 manns vinni hjá fyrirtækinu í um 6 mánuði ársins og 3-5 þegar starfsemin er í lágmarki. Með þessu skapist 15 ársverk í Snæfellsbæ auk margföldunaráhrifa starfseminnar. Þessi áætlun miðar við að um grófa vinnslu á vikri sé að ræða. Frekari úrvinnsla gæti skapað um 10 ný störf hjá fyrirtækinu. Bent er á að innan við 10 stöðugildi í Snæfellsbæ séu beinlínis tengd ferðaþjónustu. Starfsemin í heild muni líklega skapa jafn mörg störf og nú eru í ferðaþjónustu í Snæfellsbæ og fleiri störf en fyrirhugaður þjóðgarður ef starfsemi í honum verður svipuð því sem verið hefur í Skaftafelli.

4.2 NÁMUVINNSLA

4.2.1 Áhrif á menn og samfélag

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur vikurvinnsla farið fram á námusvæðunum bæði á Jökulhálsi og Harðabala. Einungis austurhluti námusvæðisins á Harðabala telst ósnortinn. Önnur bein nýting á sér ekki stað á námusvæðunum. Frá árinu 1994 hafa þrjú fyrirtæki unnið vikur á svæðunum þ.e. Vikuriðnaður hf., Snæfellsvíkur hf. og Nesvíkur ehf.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar bendir á að vinnsla tvö síðastliðin sumur sé ekki í samræmi við áætlun sem kynnt er í frummatsskýrslu, vinnslusvæði sé miklu stærra og á fleiri en einum stað. Náttúruvernd ríkisins bendir á að vinnslusvæði hafi ekki verið afmarkað í samráði við stofnunina og Blágili sem skyldi hlíft hafi verið raskað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrri eigendur Nesvíkurs ehf. hafi tekið efni við Blágil og er það harmað. Hafin sé vinna við lagfæringar. Við efnistöku í dag sé gengið frá hverjum vinnsluteig áður en farið er í þann næsta en það hafi fyrri eigendur ekki gert.

Samkvæmt frummatsskýrslu er í greinargerð aðalskipulags Snæfellsbæjar greint frá því að búast megi við að vaxtarbroddur í atvinnulífi tengist stórauknum ferðamannastraumi og að áhersla sé lögð á útivist og göngur. Gera megi ráð fyrir að göngur á jökulinn stóraukist. Samkvæmt frummatsskýrslu munu ferðamenn á Snæfellsjökli geta séð tæki á námusvæðunum og þeir sem aka yfir Jökulháls verða varir við umferð vikurflutningabíla á svæðinu frá Náttmálahnúkum niður að Geldingafelli. Einnig á vikurflutningavegi frá Geldingafelli að Harðabala. Við verstu skilyrði er talið að hávaði frá gröfu geti borist um 500 m.

Í frummatsskýrslu er sett fram það álit að ferðamenn sem stunda skíðaferðir eða vélsleðaferðir séu síður viðkvæmir fyrir truflun af völdum námuvinnslnnar en göngumenn því þeir nýti vélknúin farartæki til þess að komast að jöklinum og á hann. Umferð vélsleða og almennri umferð ökutækja fylgi töluverður hávaði þannig að varla sé hægt að gera kröfu um aðgerðir til að minnka hávaða frá námuvinnslu. Námuvinnslan geti haft áhrif á útivist og gönguleiðir en hún verði á mjög afmörkuðum reitum á hverjum tíma og unnt sé að forðast að gönguleiðir liggja þvert yfir þá námuteiga sem unnir eru á hverjum tíma. Þeir sem ferðist um á láglandi eigi ekki að verða varir við námuvinnslna vegna fjarlægðar en það eigi við um langstærsta hluta ferðamanna er fari um Snæfellsnes.

Ferðamálaráð Íslands¹ bendir á að jarðrask í hlíðunum undir jökli muni hafa veruleg neikvæð áhrif á ímynd svæðisins og jafnvel gera þjónustuaðilum erfiðara fyrir með kynningu á svæðinu.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar bendir á nauðsyn þess að allt verði gert til þess að vikurvinnslan hafi sem minnst áhrif á umferð og dvöl ferðafólks á svæðinu. Ferðamálasamtök Snæfellsness leggja ríka áherslu á vandaða umgengni við vikurnámið og allt jarðrask með tilliti til væntanlegs þjóðgarðs og viðkvæmrar náttúru svæðisins.

Náttúruvernd ríkisins telur þá túlkun að ferðamenn verði ekki varir við vikurvinnslna hæpna þar sem ¾ þeirra sem tóku þátt í könnun á ferðamennsku árið 1996 voru á sunnanverðu nesinu en vinnslan og flutningar fari allir fram að norðanverðu. Þá telur stofnunin vart hægt að halda því fram að ferðamenn sem nýti sér vélknúin farartæki vilji ekki njóta öræfakyrðar í sama mæli og aðrir ferðamenn. Undir það tekur Páll Hrannar Hermannsson. Hann telur einnig að kanna verði ferðamynstur allra ferðamanna á svæðinu yfir árið en ekki einungis ákveðinna hópa. Vanda þurfi þann þátt sérstaklega ef leggja á slíkar kannanir til grundvallar ákvörðun um frekara vikurnám því ferðamál séu sá þáttur sem einna helst mæli móti vikurnáminu. Of lítið sé gert úr sjónrænni truflun af völdum vikurvinnslnnar sem sé mjög mikil. Með tilkomu Hvalfjarðarganga og stofnunar þjóðgarðs muni umferð ferðamanna aukast. Með áframhaldandi vikurvinnslu verði eyðilagðir ótal möguleikar í ferðaþjónustu og þróun núverandi starfsemi.

4.2.2 Áhrif á náttúrufar

Samkvæmt frummatsskýrslu er gróður á námusvæðunum ekki talinn hafa sérstakt verndargildi. Í greinargerð Vistfræðistofunnar² er tekið fram að nærri gróðurvana vikurbunkar sundurskornir af grónum vatnsrásum séu nokkuð sérstök fyrirbæri og setji þar eftirminnilegan svip á umhverfið. Lagt er til að skilið verði eftir óhreyft

¹ Viðauki 4 í frummatsskýrslu

² Viðauki 8 í frummatsskýrslu

vikursvæði efst á Harðabalasvæði. Náttúruvernd ríkisins tekur undir ábendingu Vistfræðistofunnar og telur stofnunin æskilegt að láta þá óhreyfða.

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur námuvinnslan óveruleg áhrif á landslag þar sem verið er að vinna úr fremur þunnum jarðmyndunum. Jökulgarður á Jökulhálssvæðinu muni hverfa og dökkar jökulöldur á bakvið hann koma í ljós. Á hraunsvæðinu á miðjum Jökulhálsi standi hraunkollar upp úr vikrinum og þurfi þar að fara að með mikilli gætni þannig að lýti á landi verði sem minnst. Á Harðabalasvæðinu sé vikurinn í lágum ásum sem munu lækka við vikurnámið, fletjast út og landið verður ljósara.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að Snæfellsjökull sé eitt helsta aðráttarafl og höfuðjásn fyrirhugaðs þjóðgarðs. Samkvæmt lögum um náttúruvernd beri að friðlýsa svæði umhverfis náttúruvætti svo þau fái notið sín. Því sé nauðsynlegt að umhverfis Snæfellsjökul sé jaðarsvæði þar sem jarðraski sé haldið í lágmarki og líta verði á mörk eldstöðvakerfisins sem jaðarsvæði fyrirhugaðs þjóðgarðs. Einnig er bent á að Íslendingum beri skylda til að vernda sérstaklega jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða.

Samkvæmt frummatsskýrslu mun vikurvinnslan ekki hafa áhrif á ár. Staðbundið kunnir leysingavatn að finna sér nýja farvegi og vikur geti borist með því niður í Hólmkelsá eins og áður hefur gerst. Veidimálastjóri gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd enda sé reynt eins og kostur er að hemja vikurburð með leysingavatni af námusvæðinu í ána.

4.3 LAGNING VEGAR FRÁ GELDINGAFELLI EYSTRÁ AÐ HARÐABALA

4.3.1 Áhrif á menn og samfélag

Samkvæmt frummatsskýrslu er jarðýtuslóð á hluta vegstæðisins, bíslóðir eru víða og er tilkoma vegarins talin líkleg til að draga úr akstri utan vega. Vikurnám á Jökulhálsi er talin ein meginforsenda hagkvæmrar vikurvinnslu við Snæfellsjökul og vegurinn því nauðsynlegur í því sambandi. Vikurflutningar munu ekki fara gegnum Ólafsvík og eftir fjölförnum þjóðvegi í byggð. Þetta dregur úr óþægindum og hættu vegna flutninganna. Vikurflutningar verða aðeins á einum af tveimur veganna sem liggja upp að Snæfellsjökli að norðanverðu og fara einungis fram á hluta vegarins yfir Jökulháls.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar bendir á að kominn sé vegur inn á Harðabalasvæðið sem athuga þurfi sérstaklega skv. greinargerð með aðalskipulagi og er nefndinni ekki kunnugt um samþykki fyrir þessari vegagerð. Hægt sé að velja veginum stað norðan námusvæðanna á minna áberandi svæði og í nauðsynlegri fjarlægð frá þjóðgarðsmörkum, ferðafólki og náttúruskoðendum. Staðsetja verði veginn á vettvangi og ákveða gerð hans. Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar bendir á að miðað við teikningar í frummatsskýrslu virðist vegurinn ekki vera staðsettur í samræmi við aðalskipulag.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegur á Harðabalasvæði sé námuvegur og verði hann jafnaður út þegar gengið verður frá svæðinu. Ekki þurfi formlegt leyfi fyrir nauðsynlega slóða til flutninga innan námasvæðis. Hugmyndin sé að bæta núverandi jeppaslóð, sem lögð hafi verið af heimamönnum og lagfærð af Vegagerðinni eftir þörfum, en ekki leggja nýjan veg á nýjum stað.

Samkvæmt frummatsskýrslu er vegurinn talinn geta haft töluverð áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Nýlegur vegur upp með Móðulæk upp á Harðabala er vinsæl

ferðamannaleið. Vegtenging áfram yfir að Geldingafelli er talin verða opin lengur en núverandi vegur upp á Jökulháls og styrki þá stefnu sem fram kemur í aðalskipulagi að norðaustanverður Snæfellsjökull sé ætlaður fyrir umferð vélknúinna farartækja og sem skíðasvæði. Ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir að loka þessum vegi fyrir almennri umferð þó markmiðið með lagningu vegarins sé að aðskilja eftir föngum vikurflutninga og aðra umferð.

Náttúruvernd ríkisins telur að lagning vegarins muni rýra gildi svæðisins við Snæfellsjökul sem göngulands. Þetta sé eina svæðið við jökulinn sem nýtt er af göngufólki og ekki er sundurskorið af bílvegi og brýnt að svo verði áfram. Vegtenging komi í veg fyrir að hægt sé að bjóða upp á gönguleiðir án truflunar frá umferð og hefur því í för með sér röskun á friðhelgi göngulands.

4.3.1 Áhrif á náttúrufar

Samkvæmt frummatsskýrslu mun vegurinn liggja þvert á afrennsli vatns og verða sett ræsi í farvegi til að draga úr áhrifum hans. Vegurinn verður ekki byggður upp nema að litlum hluta og er því talinn hafa óveruleg áhrif á landslag. Áhrif á gróðurfar verða lítil. Áhrif af efnisnámi verða lítil en gert er ráð fyrir að nota innan við 1000 m³ úr námu á sandsléttu norðan Sandkúlu.

Náttúruvernd ríkisins telur nauðsynlegt að fá frekari gögn um vegagerðina er sýni nákvæma legu vegarins, skeringa og lengd hans. Vegtengingin raski fallegum náttúrumyndunum, þ.e. ógrónum vikurbunkum sem eru skornir með vatnsrásum og mynda sérkennilegt landslag. Stofnunin bendir á að fyrirhuguð efnistaka norðan Sandkúlu sé ekki skv. staðfestu aðalskipulagi og stefnu sveitarfélagsins í efnistöku og leggst því gegn henni.

4.4 LAGNING VEGAR FRÁ EYSTEINSDALSVEGI AÐ ATHAFNASVÆÐI Á BREIÐ

4.4.1 Áhrif á menn og samfélag

Samkvæmt frummatsskýrslu munu vikurflutningar ekki fara eftir Útnesvegi við Hellissand og Rif heldur verða aðskildir eins og unnt er frá almennri umferð. Þetta dregur úr óþægindum og hættu vegna flutninganna. Unnt er að loka veginum fyrir almennri umferð þegar vikurflutningar standa yfir.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að umferð bíla verði á svæði beint upp af vatnsbólum Rifs og Hellisands og því sé hættu á mengun neysluvatns.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að æskilegt sé að flutningaleiðir liggi ekki nálægt íbúðabyggð vegna hættu á hávaðamengun og koma þurfi fram fjarlægð íbúðarhúsa og sumarhúsa frá væntanlegum flutningaleiðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skv. aðalskipulagi Snæfellsbæjar er vatnsverndarsvæði í 1,5 km fjarlægð frá fyrirhuguðum vegi (leið 3) og yrði fjarlægðin meiri ef leiðir 1 eða 2 yrðu valdar. Verði tillögur framkvæmdaraðila að veruleika verði öll skilyrði Hollustuverndar ríkisins uppfyllt og vikurflutningar í gegnum íbúðabyggð í Ólafsvík og á Hellissandi myndu leggjast af.

Samkvæmt frummatsskýrslu opnast ekki ný svæði með tilkomu vegarins nema að Dýjadalsvatni og nágrenni. Gert er því ráð fyrir að vegurinn hafi lítil áhrif á útivist og

ferðamál. Sjónræn áhrif verði mest í brúnum Dýjadals og í Væjuhrauni en séu lítil annars staðar.

Náttúruvernd ríkisins telur veginn liggja um svæði sem sé tilvalið til útivistar. Vegurinn muni kljúfa svæðið og þar verði þungaflutningar sem stangist á við hagsmuni útivistar.

4.4.2 Áhrif á náttúrufar

Samkvæmt frummatskýrslu er staðsetning vegarins valin þannig að áhrif á landslag verði sem minnst en helst verði þau vegna skeringa undir Stapakinnaborgum. Vegurinn er talinn hafa lítil áhrif á rennsli yfirborðsvatns. Rétt ofan við Breið liggur vegurinn nærri vatnaskilum á mýri og er því talinn hafa lítil áhrif á vatnsborð hennar.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar fellst ekki á tillögu framkvæmdaraðila um legu vegar eftir leið 3 og leggur til að farin verði leið 1. Undir það tekur skipulags- og byggingarnefnd. Vegur á báðum leiðum verði áberandi í ósnortnu hrauni á takmörkuðu svæði. Á leið 3 verði mjög miklar fyllingar og skeringar. Vegurinn fari um gróið land sem að hluta er votlendi og verði mjög áberandi og muni m.a. blasa við frá stórum hluta undirhlíða Snæfellsjökuls að norðan. Vegstæði á leið 1 verður, að mati nefndarinnar, auðveldara í vinnslu og ekki eins áberandi. Nefndirnar telja nauðsynlegt að fram komi hvernig standa skuli að framkvæmd við lagningu vegarins og hvaða efni verði notað í ofanburð og yfirborðsslitlag.

Náttúruvernd ríkisins telur nauðsynlegt að fá frekari gögn um vegagerðina er sýni nákvæma legu vegarins, skeringar og lengd hans. Stofnunin bendir á að vegurinn mun liggja yfir óraskað svæði, yfir Væjuhraun sem er nútímahraun og að stórum hluta gróið og muni kljúfa landslagsheild, þ.e. gíginn og hraunið sem úr honum hefur runnið. Telur stofnunin nútímahraun merkar náttúruminjar sem séu sjaldgæfar á alþjóðlegan mælikvarða. Mörgum hraunum hafi þegar verið raskað og því sé æskilegt að hlífa þeim sem eru óröskuð. Snæfellsjökull ásamt eldvörpum og hraunum á utanverðu Snæfellsnesi myndi sérstætt jarðeldalandslag sem hafi alþjóðlegt verndargildi. Bent er á að á tæplega 1 km kafla ofan við Breið muni vegurinn liggja yfir mýrarstaramýri eða í jaðri hennar. Stofnunin telur líklegt að allar framkvæmdir, þ.m.t. umsvif með þungar vinnuvélar, hafi áhrif á stöðu og rennsli vatns í mýrlendi og ekki séu þekkt áhrif af því að leggja „fljótandi veg“ í mýrlendi. Náttúruvernd ríkisins leggst því gegn fyrirhugaðri vegarlagningu niður á Breið.

4.4.3 Áhrif á menningarminjar

Samkvæmt frummatskýrslu eru engar fornleifar á vegstæðum að undanskildu nágrenni þess við athafnasvæðið á Breið. Hafa þær verið kortlagðar til þess að koma í veg fyrir að þeim verði spillt og verður fylgt reglum um fjarlægðir mannvirkja frá þeim.

Þjóðminjasafn Íslands mælist til þess að framkvæmdaleyfi verði háð því skilyrði að allar fornleifar í nágrenni vegarins verði skráðar og nánari grein gerð fyrir þeim og í framhaldi af því mótaðar skýrar mótvægisáðgerðir þeim til verndar ef nauðsyn krefur.

4.5 ATHAFNASVÆÐI Á BREIÐ OG ÚTSKIPUN

4.5.1 Áhrif á menn og samfélag

Samkvæmt frummatsskýrslu var athafnasvæði Nesvikurs ehf. við Móðulæk. Það er ekki talið henta til frekari uppbyggingar m.a. vegna nálægðar við þjóðgarðsmörk, það blasi við frá þjóðvegi og hætta er talin á að leysingavatn geti truflað vinnsluna. Athafnasvæðið á Breið sé staðsett þannig að starfsemi trufla sem minnst útsýni frá þjóðvegi við Rif að Svöðufossi og að Snæfellsjökli. Undir frákastsþingjum gætu verið nýtanleg malarefni og er því áformað að grafa malarefnið upp úr rásum og koma frákastsefninu þar fyrir. Þannig mun bera minna á ljósu vikurefni og það fýkur síður.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar mótmælir núverandi staðsetningu vinnslustöðvar á Breið þar sem hún skapi mikla hættu á því að námusvæði meðfram Hólmkelsá verði eyðilaggt með vikri sem berist saman við efnið. Skipulags- og byggingarnefnd og Náttúruvernd ríkisins taka undir þetta. Nefndirnar óska eftir upplýsingum er sýni að vinnslan spilli ekki öðrum jarðefnum á svæðinu. Nefndirnar telja að gera þurfi nákvæma lýsingu á uppbyggingu vinnslustöðvar, hvernig staðið verði að urðun frákastsefnis ef til hennar kemur, hreinsun settjarna og allrar starfsemi stöðvarinnar. Vakin er athygli á að umgengni á staðnum sé ekki til fyrirmyndar. Náttúruvernd ríkisins bendir á að umgengni á söfnunarsvæðinu við Móðulæk hafi verið slæm og framkvæmdaraðilar hafi ekki sýnt svæðinu nægilega virðingu.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að við geymslu vikurs sé alltaf hætta á foki og ryki og því geti verið nauðsynlegt að bleyta í vikrinum þar sem hann er geymdur.

Hjálmar Kristjánsson og Lydía Rafnsdóttir benda á slæma umgengni í vikurnámum og við flokkunarstöðina á Breið. Telja þau magn úrgangsvikurs benda til þess að nýting vikursins sé ekki eins og haldið er fram. Ekki hafi verið gengið frá flokkunaraðstöðu við Móðulæk. Vikur sé víða við höfnina á Rifi og fjúki yfir báta. Útskipun vikurs og löndun ferskfisks fari tæplega saman í sömu höfn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mannvirki á Breið hafi verið staðsett með leyfi og vilja yfirvalda Snæfellsbæjar. Vikurmengun sé ekki nýtt fyrirbrigði og ljós vikur hafi verið á fjörum svo lengi sem elstu menn muna og borist með Hólmkelsá í leysingum. Framkvæmdaraðili muni tryggja eins og mögulegt er að ekki verði um frekari „mengun“ að ræða. Umbeðnar nánari upplýsingar um starfsemina á athafnasvæðinu muni fylgja deiliskipulagi af svæðinu.

Varðandi umgengni á svæðinu séu aðeins um 6 mánuðir frá því flutningar hófust og það taki 2-3 ár að ganga frá svæðinu. Einungis séu um 5 mánuðir liðnir frá því tæki voru flutt frá athafnasvæði við Móðulæk og gróffrágangur fór fram. Eftir sé að vinna úr talsverðu magni af efni, áður en lokafrágangur geti farið fram og það taki tíma. Varðandi nýtingartölur þá byggist þær á áframhaldandi sölu úrgangsvikurs sem hófst í september 1998.

Framkvæmdaraðili bendir á að búið sé að hanna vegg á hafnarsvæðinu sem koma eigi í veg fyrir vikurfok eða vikurskrið, þar sem vikur frekar skríður en fýkur þegar veðurhæð er mikil.

4.5.2 Áhrif á náttúrufar

Samkvæmt frummatsskýrslu verður vatn úr Hólmkelsá notað til að sigta vikurinn. Fer vatnið síðan um tvær settjarnir sem á að tryggja að vikur berist ekki með því út í ána. Engum efnum er bætt í þvottavatnið þannig að áhrif á vatnafar eru lítil. Aðrar fráveitur verða byggðar samkvæmt reglugerðum. Við þurrkun vikursins myndast ryk sem hreinsað verður með búnaði sem stenst kröfur sem gerðar eru um rykhreinsun frá malbikunarstöðvum á meginlandi Evrópu. Upp úr stöðinni mun standa gufustrókur

við viss veðurskilyrði. Samkvæmt frummatsskýrslu eyðileggst gróður á athafnasvæðinu. Ekkert votlendi fer undir athafnasvæðið þannig að áhrif á gróðurfar verða lítil.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að athafnasvæðið flokkast að mestu sem votlendi og að Náttúrufræðistofnun Íslands¹ telji að hlífa beri mýrlendinu algjörlega við öllu raski. Náttúruvernd ríkisins tekur undir athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands og telur óásættanlegt að því verði raskað. Á útnesinu sé lítið um votlendi og því enn ríkari ástæða til að varðveita þær fáu mýrar sem eftir eru auk þess sem það sé í anda stefnu stjórnvalda um verndun og endurheimt votlendis. Stofnunin telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf. Á Breið hafi fuglalíf aukist á undanförunum árum, þar muni vera mikið kríuvarp, endur og álftrir á tjörnum og jaðrakan í Prætuflóa. Telur stofnunin að afla verði upplýsinga um fuglalífið áður en fyrirhuguð starfsemi hefst. Þá er bent á að í skýrslunni sé ekki fjallað um hvaða áhrif efnismengun geti haft á lífríki í Rífsósi en nú þegar beri á vikurmengun við ströndina.

Veidimálastjóri gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina miðað við tilteknar forsendur að því tilskyldu að fyrir liggi samþykki veiðiréttareigenda við Hólmkelsá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Snæfellsbær hafi úthlutað fyrirtækinu 30 ha athafnasvæði sem að stórum hluta nái yfir votlendissvæði á Breið. Hann hafi í samráði við Snæfellsbæ valið staðsetningu í gamalli malarnámu til þess að hlífa votlendinu og þurfi ekki að nýta nema lítinn hluta úthlutaðs athafnasvæðis. Þá bendir hann á að Prætuflói sé í um 1 km fjarlægð frá vinnslusvæðinu og næsta kríuvarp sé í þjóðvegarkantinum milli Rífs og Breiðar um það bil 1,5 km frá vinnslusvæðinu.

4.6 ÁHRIF Á ATVINNULÍF

Samkvæmt frummatsskýrslu er starfsemin í heild talin geta skapað 15 ársverk í Snæfellsbæ auk margfeldisáhrifa sem af henni leiðir. Þetta muni vera jafnmörg störf og nú eru við ferðaþjónustu í Snæfellsbæ og fleiri störf en fyrirhugaður þjóðgarður skapi ef starfsemi hans verði svipuð og verið hefur í Skaftafelli.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að ekki liggur fyrir nein úttekt á margfeldisáhrifum þjóðgarðsins í Skaftafelli og telur því samanburð sem fram kemur í frummatsskýrslunni byggðan á getgátum.

Páll Hrannar Hermannsson bendir á að þeir sem starfi við vikurvinnsluna eins og hún er nú starfrækt séu mestmegnis búsettir í öðrum bæjarfélögum en aukin umsvif hafi eðlilega einhver áhrif brot úr ári. Telur hann samanburð við atvinnusköpun í ferðaþjónustu ófullnægjandi, en hana hefði þurft að kanna betur. Þróun ferðamennsku í Snæfellsbæ muni hljóta skaða af frekari vinnslu því metnaðarfullar hugmyndir um vistvænt samfélag og vistvæna ferðamennsku geti ekki dafnað í skugga vikurvinnslunnar.

4.7 SKIPULAG

Námusvæði á Jökulhálsi og Harðabala, vegur frá Eysteinsdalsvegi að athafnasvæði á Breið eru í samræmi við Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015. Vegur frá

¹ Viðauki 1 í frummatsskýrslu

Geldingafelli eystra að Harðabala, athafnasvæði á Breið ásamt fyrirhugaðri efnistöku norðan Sandkúlna eru ekki í samræmi við aðalskipulagið.

.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Nesvikur ehf. hefur tilkynnt til frumathugunar vikurnám við Snæfellsjökul, lagningu nýrra vega til vikurflutninga, úrvinnslu vikurs á athafnasvæði á Breið og útskipun vikurs í Snæfellsbæ. Tilgangur framkvæmdarinnar er vinnsla vikurs.

Vikurvinnsla. Frá árinu 1994 hefur vikurvinnsla farið fram á námusvæðum á Jökulhálsi, austan Snæfellsjökuls og Harðabala norðan jökulsins. Á þessum námusvæðum er fyrirhuguð áframhaldandi vikurvinnsla. Undanfarin ár hefur afmörkun og staðsetning vinnslusvæða á Harðabala ekki verið í samræmi við áætlanir og upplýsingar sem kynntar eru í frummatsskýrslu. Einnig hefur umgengni í tengslum við vikurnámið verið ábótavant. Í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 eru sýnd mörk vikurnáma norðan og austan Snæfellsjökuls og mörk fyrirhugaðs þjóðgarðs undir Jökli. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að bæjarstjórn fallist á vikurnám upp að línu sem er 300 m neðan við mörk fyrirhugaðs þjóðgarðs, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Vikurnám ofan þeirrar línu að mörkum þjóðgarðs þurfi sérstakrar skoðunar við. Jafnframt kemur fram að afmarka skuli nákvæma staðsetningu náma og setja skýrar reglur um umgengni á vikurvinnslusvæðum við mat á umhverfisáhrifum. Búast megi við því að vaxtarbroddurinn í atvinnulífi bæjarfélagsins tengist stórauðnum ferðamannastraumi. Með stofnun þjóðgarðs vaxi mikilvægi umhverfis- og útivistar innan sveitarfélagsins og ásókn í göngur á jökulinn aukist.

Í umsögnum og athugasemdum er lögð áhersla á að umhverfis Snæfellsjökul verði jarðraski haldið í lágmarki og vandað til umgengni í tengslum við vikurvinnslu þannig að hún hafi sem minnst áhrif á ferðaþjónustu og náttúrufar svæðisins. Því er haldið fram að of lítið sé gert úr þeim áhrifum sem jarðrask vegna vikurnáms, vinnuvélar og hávaði sem frá þeim kemur hafi á ferðamenn.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að með tilkomu þjóðgarðs megi búast við aukinni ásókn ferðamanna á svæðið. Hvorki hefur verið sýnt fram á að vikurvinnslan hafi ekki neikvæð áhrif á ferðamenn sem sækja svæðið í dag né á þá ímynd sem svæðið muni hafa í framtíðinni fyrir ferðamenn. Því er nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um áhrif vikurvinnslu á ferðaþjónustu og útivist. Á áhrifasvæði vikurvinnslunnar og starfsemi sem henni fylgir þarf að kortleggja nákvæmlega þau svæði sem ferðamenn sækja á mismunandi árstímum svo sem til gönguferða, skíðaiðkunar og vélsleðaferða. Þessar upplýsingar verði nýttar sem grunnur til að meta áhrif vikurvinnslunnar á ferðaþjónustu og útivist, svo sem áhrif vegna jarðrasks, vinnuvéla og hávaða frá þeim ásamt umferð þungaflutningabíla. Ennfremur verði skýrt frá því hvernig draga megi úr áhrifum vikurvinnslu á ferðaþjónustu og útivist.

Lagning vegar frá Geldingafelli eystra að Harðabala. Vegurinn fer meðal annars um svæði með ógrónum vikurbunkum sem eru skornir með vatnsrásum og mynda sérkennilegt landslag.

Í umsögnum er því haldið fram að vegurinn opni fyrir hringvegaakstur sem muni rýra gildi svæðisins sem göngulands en einkum er gengið á jökulinn að norðan og austan. Bent er á að verði vegurinn lagður norðan námusvæðanna í samræmi við aðalskipulag verði hann minna áberandi og í nokkurri fjarlægð frá þjóðgarðsmörkum, ferðafólki og náttúruskoðendum. Ennfremur er vegurinn talinn eins og hann er fyrirhugaður raska sérkennilegu landslagi. Jafnframt er bent á að frekari gögn vanti um legu hans, lengd og skeringar.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki hafi verið sýnt fram á að áhrif vegarins rýri ekki gildi svæðisins fyrir ferðamenn, einkum göngufólk. Hvorki kemur fram frá hvaða ferðaleiðum og áningarstöðum ferðamenn geti séð veginn og umferð sem um hann fer né hvar áhrifa umferðarhávaða gætir á þá. Fyrirhugaður vegur fer inn á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf frekar möguleika á nýju vegstæði og bera það saman við þá leið sem kynnt er í frummatsskýrslu og þann kost að fara núverandi leið frá Jökulhálsi um Ólafsvík. Gera þarf grein fyrir þessum framkvæmdakostum með tilliti til legu, lengdar, efnisþarfar, fyrirhugaðra efnistökuastaða, framkvæmdatíma, kostnaðar og áhrifum þeirra á ferðaþjónustu og útivist, náttúrufar, landslag, menningarminjar, vatnsverndar, umferðaröryggi og byggð. Einnig verði gerður samanburður á kostnaði vikurflutninga eftir framangreindum leiðum. Ennfremur verði skýrt frá því hvort og þá hvar æskilegt er að breyta legu gönguleiða með tilliti til þess að truflun af vegi og umferð verði sem minnst.

Lagning vegar frá Eysteinsdalsvegi að athafnasvæði á Breið. Fyrirhugaður vegur fer um ósnortið svæði, nútímahraun, gróid land og votlendi og svæði með fornleifum við Breið. Í frummatsskýrslu eru kynntir þrír kostir á legu vegarins og er lýst leið 3, valkosti framkvæmdaraðila, en ekki gerð sambærileg grein fyrir öðrum leiðum.

Bæjarstjórn fellst ekki á leið 3 þar sem hún valdi miklu jarðraski, fari meðal annars yfir hraun og votlendi, vegurinn verði mjög áberandi og á svæðinu sé vaxandi umferð göngufólks. Er lagt til að leið 1 verði farin en jafnframt bent á nauðsyn þess að afla frekari gagna um lagningu vegarins svo sem nánari teikninga af veginum, hvernig jöfnun vegstæðis verður framkvæmd og hvaða efni verði notað í ofaniburð og yfirborðsslitlag. Náttúruvernd ríkisins mælir gegn lagningu vegarins vegna áhrifa hans á náttúrufar og telur umferð á þessu svæði stangast á við hagsmuni útivistar.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að hvorki hafi verið aflað nægilegra gagna um lagningu vegarins né gerð nægileg grein fyrir áhrifum hans á náttúrufar, ferðaþjónustu og útivist, einkum göngufólk. Samanburði þeirra leiða sem kynntar eru í frummatsskýrslu er ábótavant. Meta þarf frekar þessi vegstæði og afla sambærilegra upplýsinga um þau, bera þau saman innbyrðis og við þann kost að fara Eysteinsdalsveg meðfram Móðulæk um Útnesveg við Hellisand og Rif. Gera þarf grein fyrir þessum framkvæmdakostum með tilliti til legu, lengdar, efnisþarfar, fyrirhugaðra efnistökuastaða, framkvæmdatíma, kostnaðar og áhrifum þeirra á ferðaþjónustu og útivist, náttúrufar, landslag, menningarminjar, vatnsvernd, umferðaröryggi og byggð. Einnig verði gerður samanburður á kostnaði vikurflutninga eftir framangreindum leiðum.

Athafnasvæði á Breið. Svæðið hefur verið staðsett á námusvæði meðfram Hólmkelsá til þess að hlífa votlendi á Breið.

Í umsögnum er staðsetningu athafnasvæðisins mótmælt þar sem starfsemin skapi mikla hættu á því að námusvæðið meðfram Hólmkelsá verði eyðilagt með vikri sem geti blandast saman við önnur jarðefni. Bent er á að afleiðingar vikurblöndunar við steypuefni hafi ekki verið kannaðar. Einnig er óskað eftir nákvæmari lýsingu á mannvirkjum og vinnsluáðferðum, nánari skýringum á því hvernig skolvatn og settjarnir verða hreinsaðar og hvernig farið verði með frákastsefni ef til urðunar kemur.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki hafi verið sýnt fram á að fyrirhuguð starfsemi á athafnasvæði á Breið sé ásættanleg með tilliti til áhrifa á vinnslu og

nýtingu annarra jarðefna þar og niður með Hólmkelsá. Gera þarf nánari grein fyrir áhrifum vinnslunnar á steypuefni á námusvæðum meðfram Hólmkelsá og urðun frákastsefnis við Breið. Einnig þarf að gera betri grein fyrir vikurvinnslu á fyrirhuguðu athafnasvæð, svo sem mannvirkjagerð, haugsetningu, hreinsun skolvatns og meðferð efnis úr því.

Á grundvelli frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsagna, athugasemda og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað vikurnám, lagningu nýrra vega til vikurflutninga og úrvinnslu vikurs á athafnasvæði á Breið til að unnt sé að fallast á framkvæmdina.

Það er niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins að fara þurfi fram frekara mat á umhverfisáhrifum vikurnáms við Snæfellsjökul í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 8. gr. laga nr. 63/1993.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar skal ráðast í frekara mat á umhverfisáhrifum vikurnáms við Snæfellsjökul. Þar komi fram:

1. Kortlagning svæða vestan Fróðárheiðar sem vikurvinnsla hefur áhrif á og ferðamenn sækja á mismunandi árstímum svo sem til gönguferða, skíðaiðkunar og vélsleðaferða. Á grundvelli þessara upplýsinga verði metin áhrif vikurvinnslunnar á ferðamenn, svo sem áhrif vegna jarðrasks, vinnuvéla og hávaða frá þeim ásamt umferð þungaflutningabíla.
2. Samanburður á nýju vegstæði milli Geldingafells eystra og Harðabala við þá leið sem kynnt er í frummatsskýrslu og þann kost að fara núverandi leið frá Jökulhálsi um Ólafsvík. Gera þarf grein fyrir þessum framkvæmdakostum með tilliti til legu, lengdar, efnisparfar, fyrirhugaðra efnistökuastaða, framkvæmdatíma, kostnaðar og áhrifum þeirra á ferðaþjónustu og útivist, náttúrufar, landslag, menningarminjar, umferðaröryggi og byggð.
3. Samanburður vegstæða frá Eysteinsdalsvegi að athafnasvæði á Breið við þann kost að fara Eysteinsdalsveg meðfram Móðulæk um Útnesveg við Hellisand og Rif. Gera þarf grein fyrir þessum framkvæmdakostum með tilliti til legu, lengdar, efnisparfar, fyrirhugaðra efnistökuastaða, framkvæmdatíma, kostnaðar og áhrifum þeirra á ferðaþjónustu og útivist, náttúrufar, landslag, menningarminjar, vatnsvernd, umferðaröryggi og byggð.
4. Nánari upplýsingar um áhrif vikurvinnslu á athafnasvæði á Breið á námusvæði meðfram Hólmkelsá og um urðun frákastefnis við Breið. Einnig þarf að gera betri grein fyrir vikurvinnslu á fyrirhuguðu athafnasvæði, svo sem mannvirkjagerð, haugsetningu, hreinsun skolvatns og meðferð efnis úr því.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. febrúar 1999.

Reykjavík, 15. janúar 1999

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

